



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **HEIMSÓKN TIL SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA, MÁLÞING UM ÍSLENSKA TUNGU OG BÓKMENNTIR OG HÁTÍÐARKVÖLDVERÐUR Í NEW YORK**

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid forsetafrú héldu til Bandaríkjana í gær til að vera viðstödd árlega hátíðarsamkomu American-Scandinavian Foundation í New York þar sem forseti Íslands er heiðursgestur. Jafnframt mun forseti eiga fund með aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í höfuðstöðvum samtakanna og sækja alþjóðlega ráðstefnu um borgarskipulag auk fleiri viðburða.

Í dag, miðvikudaginn 9. maí, sitja forsetahjón kynningarfund hjá fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum um kynjajafnrétti og ræða þar við frú Phumzile Mlambo-Ngcuka, framkvæmdastjóra UN Women, og fleiri forystumenn samtakanna. Þá sækir forseti viðamikla alþjóðlega ráðstefnu um skipulagsmál og borgir framtíðarinnar sem ber heitið Smart Cities (<https://smarcitiesny.com/>), flytur þar ávarp og situr fyrir svörum. Þvínæst munu forsetahjónin vera viðstödd opnun sýningar á verkum myndlistarmannsins Steinunnar Þórarinsdóttur á Manhattan og sækja loks sérstaka sýningu á kvikmyndinni *Víti í Vestmannaeyjum* í Scandinavia House.

Að morgni fimmtudagsins 10. maí mun forseti flytja ávarp á ráðstefnu um framtíð íslenskrar tungu í Scandinavia House og svara fyrirspurnum. Í kjölfarið fylgja pallborðsumræður þeirra Eiríks Rögnvaldssonar, prófessors við Háskóla Íslands, og Önnu Bjarkar Nikulásdóttur, vísindamanns við Háskólann í Reykjavík, undir stjórn Jennifer Sertl. Þá mun Eliza Reid forsetafrú taka þátt í pallborðsumræðum

um íslenskar bókmenntir ásamt Adam Gopnik frá tímaritinu New Yorker, Chad F. Post, ritstjóra á tímaritinu Publishers Weekly, og Birnu Önnu Björnsdóttur rithöfundu. Að kvöldi þessa dags býður American-Scandinavian Foundation til hátíðarkvöldverðar þar sem forseti flytur ávarp.

Á föstudaginn mun forseti eiga fund með António Guterres, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, í höfuðstöðvum samtakanna. Að þeirri heimsókn lokinni mun forseti skoða Norræna nýsköpunarhúsið í New York (<https://www.nordicinnovationhouse.com/>) og heimsækja Icelandic Provisions sem sinnir öflugri markaðssókn íslenska skyrans á Bandaríkjamarkað en MS er meðal eigenda (<https://www.icelandicprovisions.com/>).

9. maí 2018

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*